

## Fjáröflun

Foreldrafélag Hríseyjarskóla er með netsöfnun dagana 24. nóvember – 8. desember. Í boði eru m.a. bökunarpappír, friðarkerti, kökubox og jólakaffi.

Vörurnar verða afhentar frá 8. desember til 12. desember.

Hægt er að fara inn á:

<http://www.netsofnun.is/Sofnun/Vorur/4654/0/>

eða hafa samband við Díönu Björg, Lindu Maríu og Vilborgu og við komum og aðstoðum ykkur við að styrkja þetta góða málefni.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Stjórn foreldrafélagsins.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net)

Ábyrgðarmaður: Stjórn



## FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

# KARRINN

Nóvember 2015  
9. árgangur 9.tölublað



Ljósmynd: Linda María Ásgeirsdóttir

## Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni [www.hrisey.is](http://www.hrisey.is)

## ***Hugleiðingar stjórnar***

Þrátt fyrir fólksfækkun, skerta þjónustu og ýmislegt annað sem á hefur gengið í okkar litla samfélagi getum við alveg gengið út frá því að jólin koma í desember. Þessi tími er oft sá notalegasti á árinu því þá hugsum við til þeirra sem minna mega sín og höfum jafnvel samband við gamla og gleymda ættingja því andi jólanna kemur yfir okkur. Við getum átt saman góðar stundir á aðventunni og rifjað upp gamlar stundir, sungið saman, borða góðan mat og jafnvel dansað þvert á skoðanir okkar varðandi trú og pólitík því það er jú það sem lífið snýst aðallega um eða hvað? Stöldrum við og njótum líðandi stundar á aðventunni, kveikjum á kertum, njótum myrkursins og látum okkur líða vel.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir  
Ingimar Ragnarsson  
Linda María Ásgeirsdóttir  
Þórunn Björg Arnórsdóttir  
Þorgeir Jónsson  
Þröstur Jóhannsson



## ***Handgerð kerti***

Til sölu handgerð kerti hjá Rósu Kára tilvalin í jólapakkann. Hún tekur á móti kertaafgöngum og gerir líka við gallabuxur.

## ***Hrísið***

Tilvalin jólagjöf frá Hrísey. Höfum til sölu þurrkaða hvönn, te og krydd einnig hvannar og kerfilste. Vottuð vara, laus við öll aukaefni.

Hafið samband við Braga í síma 663 0073.

## ***Ruslahugleiðing***

Nú er kominn sá tími ársins þegar allt fyllist af bæklingum og pappír. Mikilvægt er að vera duglegur að flokka sorpið og vanda flokkunina. Desember er sá mánuður þegar neyslan er í hámarki á öllum sviðum. Tökum saman höndum og strengjum þess heit að flokka vel og vandlega alltaf.

**Ruslakarlarnir.**

Við notum bók sem heitir Hugarfrelsi en Dóra og Hrund fóru á námskeið í aðferðinni. Tekið er á ýmsum atriðum tengdum kvíða og vanlíðan barna. Við viljum að nemendur finni til samkenndar í stað samkeppni.

Í desember munum við halda ró okkar og gæta okkar á að láta ekki jólastress hafa áhrif á okkur. Við munum njóta hefðbundinna jóladagskrár í skólanum. Skreyttir verða gluggarnir, málaðar piparkökur, skorið út og steikt laufabrauð, fönbrað og fyrst og fremst ætlum við að njóta þessa dimma tíma.

Á leikskóladeildinni vinnum við sem áður með dygðirnar en á þessu skólaári tökum við fyrir hjálpsemi, glaðværð og þolinmæði. Auk þess sem hver mánuður hefur sitt þema þar sem við tökum fyrir hin ýmsu málefni, sköpun, sjálfið, gamla tíma og nýja og nær- og fjær samfélagið svo eitthvað sé nefnt. Með vorinu stendur til að halda glæsilega árshátíð skólans. Um áratuga skeið hefur hún verið haldin á sumardaginn fyrsta. Að þessu sinni viljum við gera hana enn glæsilegri en venjulega vegna 110 ára afmæli skólahalds í Hrísey. Í tengslum við árshátíðina væri tilvalið að halda árgangamót og fá eldri nemendur til að gleðjast með okkur á þessum tímamótum. Upplagt væri að skipa undirbúningsnefnd. Áhugasamir geta haft samband við Ingibjörgu.

Við í Hríseyjarskóla óskum öllum Hríseyingum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og vonum að nýja árið munu færa ykkur gleði og kærleika.

## **Brothættar byggðir**

Í apríl á þessu ári sótti Akureyrarbær um að bæði Hrísey og Grímsey yrðu hluti af verkefninu Brothættar byggðir í kjölfar auglýsingar frá Byggðastofnun. Sú ósk var samþykkt og var verkefnisstjóri ráðinn nú í lok október og er tekinn til starfa.

Brothættar byggðir hófst sem tilraunaverkefni hjá Byggðastofnun á Raufarhöfn árið 2012. Það gafst vel og í kjölfarið hafa Bíldudalur, Breiðdalshreppur og Skaftárhreppur bæst við. Öll eiga þessi svæði það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun á undanförunum árum og aldursdreifing hefur skekkst. Að auki takast þessi byggðarlög oft á við önnur vandamál, ss. húsnæðisskort, fábreytni í atvinnulífi eða lækkandi þjónustustig. Markmiðið með verkefninum er að leiða fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum byggðarlaganna og leita lausna í samvinnu við sveitarfélagið, ríkið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, brottflutta íbúa og aðra. Viðfangsefni eru skilgreind af íbúunum á íbúafundum/þingum og forgangsraðað eftir mikilvægi. Allt verkefnið byggir svo á þessari vinnu og íbúarnir upplýstir um framgang mismunandi viðfangsefna reglulega. Eyjarnar tvær eru misjafnlega staddir í ferlinu, í Hrísey hefur mikil hugmyndavinna verið í gangi undanfarin ár á meðan vinnan er á byrjunarstigi í Grímsey.

Seinni hluta árs 2013 var haldið íbúaðing í Hrísey sem þótti vel heppnað og var vel sótt af áhugafólki og

hagsmunaaðilum. Unnið var í þemahópum og einblínt á mögulegar leiðir til að efla fjölbreytni í atvinnulífi og styðja við atvinnuskapandi lausnir. Niðurstöður frá íbúabinginu voru kynntar á íbúafundi í mars 2014 og verða notaðar til grundvallar öllu verkefninu.

Verkefnastjórnir eyjanna eru samsettar af þeim Sigríði Þorgrímsdóttur og Kristjáni Þ. Halldórssyni frá Byggðastofnun, Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Gunnari Gíslasyni, frá Eypingi og Matthíasi Rögnvaldssyni fulltrúa Akureyrarbæjar auk fulltrúa íbúa í hvorri eyju. Í Hrísey eru þau Linda María Ásgeirsdóttir og Anton Már Steinarsson fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórn í Hrísey hélt sinn fyrsta fund þann 10. september sl. Staðan í Hrísey var rædd, bæði hvað varðar atvinnulíf og samfélag auk þess sem starfið framundan var skipulagt. Annar fundur verkefnastjórnar, og sá fyrsti með verkefnisstjóra, er fyrirhugaður núna í lok nóvember. Verkefnisstjóri er með aðstöðu í Hlein og er þar flesta virka daga frá kl 10-16. Áhugasömum er velkomið að kíkja til mín í spjall eða hafa samband eftir öðrum leiðum. Síminn hjá mér er : 690-2333 og netfangið mitt er: [helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is)

Bestu kveðjur.

Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnisstjóri Brothættra byggða í Hrísey og Grímsey.

## **Fréttir úr Hríseyjarskóla**

Haustið í Hríseyjarskóla hefur verið ánægjulegt enda tíðarfarið með eindæmum gott. Skólastarfið hefur gengið mjög vel. Hríseyjarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli.

Þórunn fór í leyfi í vetur og hefur Ingibjörg leyst hana af sem skólastjóri. Hrund kom til starfa og er umsjónarkennari 1. – 4. bekkjar. Dóra er umsjónarkennari 5. – 10. bekkjar og Vilborg kennir listgreinar og samfélags- og náttúrufræði. Í leikskólanum starfa Hrafnhildur og Hanna. Helena sér um að gefa okkur gott að borða. Í skólanum eru 16 nemendur og 4 nemendur í leikskólanum, fámenn en mjög góðmennt. Í haustbyrjun mörkuðum við okkur stefnu í þjóðaráttaki um læsi. Við viljum auka lestrargleðina hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki. Það höfum við gert með því að lesa meira fyrir nemendur og gefa þeim tækifæri á að hlusta á spennandi og skemmtilegar sögur. Við gerðum lestrartré í sal skólans, þar söfnum við laufblöðum á tréð (eitt laufblað fyrir hverja lesna bók). Við sendum 10 hvetjandi lestrarboðorð til foreldra, eitt á viku í tíu vikur. Farin hefur verið sú leið að gera lestur að algjöru forgangsverkefni. Við viljum að allir séu alltaf að lesa og finni til vellíðunar með bók í hönd. Allt er þetta leið til að hvetja til lesturs. Í nóvember byrjuðum við að vinna með sjálfsmynd og val hugsana ásamt því að vinna með slökun og hugleiðslu.

Á árinu settu félagskonur niður einar 60 plöntur í kvenfélagslundinn sem er hér á eyjunni og vonumst við eftir því að hann eigi eftir að vaxa og dafna þannig að sem flestir eigi eftir að geta nýtt sér hann í framtíðinni. Félagskonur tóku að sjálfsögðu þátt í hátíðarhöldum á Akureyri vegna 100 ára kosningarafmælis kvenna sem var núna í sumar. Allt gekk afar vel og var mjög skemmtilegt. Þá fóru þrjár konur úr félaginu á landsþing Kvenfélagssambands Íslands sem haldið var á Selfossi í haust og viljum við benda á að hægt er að skoða allt það sem þar fór fram inn á kvenfelag.is og margt fleira.

Að lokum viljum við þakka Hríseyingum og velunnurum félagsins stuðninginn á árinu. Við óskum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Með kærri kveðju

F.H. Kvenfélags Hríseyjar.  
Hrafnhildur Sigurðardóttir.

## ***Hríseyjarbúðin***

**Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.**

## ***Ungmennafélagið Narfi***

Árið 2015 hefur verið viðburðaríkt hjá ungmennafélaginu Narfa. Á vorönn voru knattspyrnuæfingar fyrir eldri nemendur, frjálsíþróttæfingar og íþróttaskóli fyrir leikskólabörn. Framhald var á fjölbreyttum þemanámskeiðum fyrir börn og hófust þau á fótbolta í umsjá Ingimars. Næst voru fimleikar og parkour sem Stefán Þór Friðriksson þjálfari frá Fimleikafélagi Akureyrar sá um. Hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardagsins 17. júní fóru fram með hefðbundnum hætti og hófust með 17. júní hlaupinu. Eftir hlaupið fengu börnin ís í boði Kjörís, farið var í leiki við Sæborg og svo í traktorsferð um þorpið. Að lokum bauð félagið börnunum í bíó í Sæborg og fengu allir popp og djús.

10.-14. ágúst var sundnámskeið fyrir grunnskóla- og leikskólabörn. Þjálfari var Ragnheiður Runólfsdóttir yfirþjálfari hjá Sundfélaginu Óðni á Akureyri. Var þátttaka góð og mikil ánægja með námskeiðið.

Vikuna 21.-27. september tók ungmennafélagið þátt í Hreyfiviku UMFÍ sem er evrópskt lýðheilsuverkefni sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum. Stóð félagið fyrir 13 viðburðum þessa viku og var þátttakan almennt góð. Gengið var litla hringinn, leikjatímar voru í íþróttahúsinu fyrir eldri og yngri börn, badminton fyrir fullorðna, hjólaferð fjölskyldunnar,

fótbolti fyrir fullorðna, íþróttaskóli fyrir leikskólabörn, fótboltaæfing fyrir grunnskólabörn, blak fyrir fullorðna, leikjatími úti og fjölskyldutími í íþróttahúsinu. Síðasta daginn, sunnudag, var frítt í sund og fjölskyldustund á hátíðarsvæðinu þar sem voru grillaðar pylsur í boði félagsins og dregið var úr lukkupotti. Þátttakendum gafst kostur á að skrá nafn sitt í lukkupott alla Hreyfivíkuna, fyrir þátttöku í viðburðum og fyrir að synda, fara í ræktina eða fara í frísbíggolf. Þrír vinningar voru dregnir úr pottinum sem allir innihéldu gjafabréf í Sportver og Toppmenn & sport ásamt harðfiski frá Hvammsfiski. Þökkum við Hvammsfiski fyrir stuðninginn við verkefnið. Alla dagana var sundkeppni milli sveitarfélaga og drógu Hríseyingar fram keppnisskapið og sýndu mikla samstöðu og dugnað við að synda og höfnuðu í 3. sæti, syntu 250.5 metra á hvern íbúa, samtals 43 km. Glæsilegur árangur þar. Reiknum við með að gera þátttöku í Hreyfivíkunni að árlegum viðburði.

Íþróttæfingar á haustönn hófust svo í framhaldi af hreyfivíkunni. Í hverri viku höfum við tíma í íþróttahúsinu fyrir fótboltaæfingar fyrir grunnskólabörn, krakkafjör og leikir fyrir grunnskólabörn, íþróttaskóli fyrir leikskólabörn, blak og badminton til skiptis fyrir fullorðna og fótbolti fyrir fullorðna. Síðasta æfing fyrir jól verður 10. desember og hefjast æfingar aftur á nýju ári 12. janúar.

## ***Kvenfélag Hríseyjar***

Kvenfélagið hefur haft mikið fyrir stafni á árinu eins og önnur ár. Í félaginu eru 35 konur og hittumst við að minnsta kosti tvisvar á ári. Félagið hefur gert ýmislegt til þess að safna fé í hin fjölbreyttustu málefni sem félagið styrkir auk þess sem þetta er tækifæri fyrir okkur konurnar í eyjunni til þess að hittast og gera eitthvað saman, spjalla og hafa gaman. Þar má helst nefna blómasölu á bóndadaginn, kaffisölu á Hríseyjarhátíðinni, kökubasar og flóamarkað um páskana og smákökusölu um jólin einnig höfum við aukið úrvalið og haft kleinur á boðstólnum. Við höfum leitað nýrra leiða á árinu og má þar nefna fiskibollusölu og síðan settum við niður sumarblóm í þorpinu í sumar. Vilborg Valgeirsdóttir félagskona og varaformaður styrkti líka félagið með verkefni sem fólst í því að hún gerði einn nálapúða á viku í heilt ár og gaf hún svo félaginu afraksturinn, en nálapúðana verður hægt að kaupa á jólamarkaðnum í Sæborg við hvetjum ykkur til þess að kíkja á okkur, skoða og jafnvel kaupa eins og einn púða. Félagið styrkir hin ýmsu málefni en við höfum meðal annars styrkt félag nýrnasjúkra vegna kaupa á skiljunarvél fyrir sjúkrahúsið á Akureyri, Mottumars, mæðrastyrksnefnd hér í Eyjafirðinum og gerðumst Hollvinir sjúkrahússins á Akureyri. Einnig höfum við á árinu styrkt Hríseyjarskóla vegna kaupa á tækjum. Eins og fyrri ár veittum við viðurkenningu fyrir árangur í listum og heimilisfræði.

## **Áætlun Sævars jóla og áramót**

### **Aðfangadagur og gamlársgdagur:**

Frá Hrísey: 09:00.....Frá Árskógssandi: 09:30  
11:00.....11:30  
13:00.....13:30  
16:00.....16:30

### **Jóladagur og nýársdagur:**

Frá Hrísey: 11:00.....Frá Árskógssandi: 11:30  
13:00.....13:30  
17:00.....17:30  
21:00.....21:30

Á aðfangadag og gamlársgdagur er ferð kl. 07:00  
upphringiferð.

Aðrir dagar samkvæmt nógildandi áætlun.

**Síminn í Sævari er 695 5544.**



Félagið hlaut á síðasta ári styrk frá KEA til að kaupa áhöld í íþróttahúsið fyrir börn og voru nú í haust keypt ýmis áhöld. Ingibjörg Guðmundsdóttir hefur gefið vinnu sína við að hafa umsjón með íþróttaskólanum síðustu ár til að leggja þessum kaupum lið og færur við henni kærar þakkir fyrir. Áhöldin munu bæði nýtast á íþróttæfingum Umf. Narfa og í íþróttakennslu Hríseyjarskóla.

Félagið mun gefa út dagatal fyrir árið 2016 líkt og tvö síðustu ár. Verður gengið í hús í Hrísey í byrjun desember og vonum við að vel verði tekið á móti unga sölufólkinu okkar. Dagatal kostar 2.500 kr. Skráðir félagsmenn fá 500 kr. afslátt.

Á aðalfundi félagsins urðu breytingar á stjórn. Heimir Áslaugsson lét af störfum sem formaður félagsins og færur við honum kærar þakkir fyrir sín störf í þágu félagsins á undanförunum árum. Nýja stjórn skipa Hrund Teitsdóttir formaður, Steinunn Bjarnadóttir ritari og Ingólfur Sigfússon gjaldkeri. Ungmennafélagið Narfi óskar iðkendum sínum, félagsmönnum og Hríseyingum öllum gleðilegra jóla, með þökk fyrir árið sem er að líða.

Stjórnin

## **Fótsnyrting**

Fótaaðgerðarfræðingur kemur til Hríseyjar eftir þörfum. Þanta þarf tíma hjá Rósu Káradóttur í síma 466 1769/694 8652.

## **Bókasafn Hríseyjar**

Opið á fimmtudögum frá kl. **16:30 - 18:30**.

Bókasafnið verður opið: 3., 10., 17. og 30. desember.  
Piparkökur og heitt á könnunni, jólabækurnar streyma inn. Safnið opnar aftur á nýju ári þann 7. janúar.

Verið velkomin á bókasafnið.

## **Íþróttamiðstöðin jóla og áramót**

**Porláksmessa - 23. desember** - lokað  
**Aðfangadagur - 24. desember** - lokað  
**Jóladagur - 25. desember** - lokað  
**Annar í jólum - 26. desember** - lokað  
**27. desember** - opið 13:00 - 16:00  
**28. desember** - opið 15:00 - 19:00  
**29. desember** - opið 15:00 - 19:00  
**30. desember** - opið 15:00 - 19:00  
**Gamlársdagur - 31. desember** - lokað  
**Nýársdagur - 1. janúar** - lokað

## **Hríseyjarbúðin**

**Porláksmessa - 23. desember:** 12:00 – 20:00  
**Aðfangadagur - 24. desember:** 10:00 – 12:00  
**Jóladagur - 25. desember:** lokað  
**Annar í jólum - 26. desember:** lokað  
**27. desember:** lokað  
**28. desember** - Venjuleg opnun  
**29. desember** - Venjuleg opnun  
**30. desember** - Venjuleg opnun  
**Gamlársdagur - 31. desember:** 10:00 – 12:00  
**Nýársdagur - 1. Janúar:** lokað  
**2. Janúar:** lokað

Stjórn og starfsfólk Hríseyjarbúðarinnar óskar Hríseyingum, sumarhúsaegendum og öðrum gestum eyjarinnar gleðilegra jóla, þökkum fyrir viðskiptin á þessu fyrsta ári af vonandi mörgum.





## ***Jólaþjósaviðurkenning***

Veitt verður viðurkenning fyrir fallegar jólaþjósingar  
**22. desember kl. 17:00** í Hríseyjarbúðinni

## ***Jólaþjósturinn 23. desember***

Móttaka jólaþjóstis í Hríseyjarbúðinni milli kl. 13:00 og 15:00.

***Ungmennafélagið Narfi.***

## ***Jólagleði Kröflu***

Fyrirhugað er að hafa jólagleði Kröflu í Sæborg  
**26. desember** ef allt gengur upp. Nánar auglýst síðar.

## ***Jólaþræsskemmtun***

Jólaþræsskemmtun verður haldin 26. desember í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 14:00**. Dansað verður í kringum jólaþræð og allir krakkar fá eitthvað góðgæti frá jólaþveinunum sem mæta á svæðið. Léttar veitingar í boði. Enginn aðgangseyrir verður innheimtur. Tekið verður á mót frjálsum framlögum til styrktar félaginu. Allir velkomnir.

***Ungmennafélagið Narfi.***

## ***Viðburðir í desember.***

### ***Hríseyjarkirkja***

Aðventustund í Hríseyjarkirkju fyrsta sunnudag í aðventu **29. nóvember kl. 17:00**.

Jólastemningin svífur yfir vötnum, við syngjum saman jólaþög af ýmsum toga, helgileikur og hugleiðing – jólaþaga og jólaþriður.

Sr. Oddur Bjarni hefur umsjón og Páll Barna mun annast undirleik. Kirkjugestir sjá um að syngja.

Að lokinni stund verður farið í kirkjugarðinn og kveikt á leiðalýsingu.

Aðfangadagur jóla.

Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember kl. 18:00**.

***Sóknarprestar***

### ***Möndlugrautur í Hlein***

**Laugardaginn 28. nóvember** verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og súrt. Verðlaun fyrir möndluna.

## ***Hríseyjarskóli***

Jólafrændur laugardaginn 28. nóvember kl. 14:00.

Litlu jólin 18. desember kl. 10:00

## ***Kveikt á jólatrénu***

Þriðjudaginn 1. desember kl. 17:00. Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Hríseyjarbúðinni

## ***Jólamarkaður í Sæborg***

Jólamarkaður verður sunnudaginn 6. desember kl. 14:00 - 17:00. Krafla selur vöflur og kaffi.

*Gallerí Perla, Kvenfélag Hríseyjar og Krafla*



## ***Litlu jólin hjá Eyfar***

Föstudaginn 11. desember kl. 18:00 verða litlu jólin hjá Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni.

## ***Flugeldasala Björgunarsveitarinnar***

Flugeldasalan verður 28. – 31. desember í húsnæði sveitarinnar að Ægisgötu 13.

Opið frá kl. 16:00 – 20:00 mánudag – miðvikudag og kl. 11:00 – 14:00 á gamlársdag.

*Björgunarsveitin*

## ***Jólabingó Slysavarnarfélagsins***

Jólabingó í Hlein. Mánudaginn 7. desember. Barnabingó kl. 17:00 - Bingó kl. 20:30.

## ***Áramótabrenna***

Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársdag kl. 17:00.